

Framhaldsnám sjúkraliða í sérhæfðum störfum í heilbrigðisþjónustu

Fjölbrautaskólinn við Ármúla / Heilbrigðisskólinn auglýsir eftir umsóknum um nýtt framhaldsnám sjúkraliða í sérhæfðum störfum í heilbrigðisþjónustu. Námið er á 4. hæfniprepi og skv. nýrri námskrá, sem verður tilraunakennd eins og venja er um allar nýjar námskrár. Námið hefst **12. janúar** 2016 og því lýkur í desember 2018,

Námið er ætlað sjúkraliðum sem vinna sérhæfð störf á skurðstofum, speglunardeildum og víðar. Námið er samstarfsverkefni Fjölbrautaskólans í Ármúla og Landspítala háskólasjúkrahús og fer kennsla fram á báðum stöðum.

Námið dreifist á fjórar annir og er skipulagt sem nám með vinnu að hluta til.

Inntökuskilyrði

Umsækjendur skulu hafa lokið sjúkraliðanámi og hafa starfsleyfi sjúkraliða á Íslandi.

Þeir skulu hafa unnið sem sjúkraliðar með starfsréttindi í 3 ár.

Umsækjendur skulu hafa góða enskukunnáttu, að lágmarki 10 feiningar á 2. þrepi. Þeir skulu hafa góða þekkingu, leikni og hæfni í upplýsingatækni, þar með talið í helstu ritvinnsluforritum.

Umsækjendur með reynslu af sérhæfðum störfum á skurðstofum og speglunardeildum ganga fyrir í námið.

Umsóknarfrestur er til **7. desember** og skal skila umsókn á skrifstofu skólans og skulu fylgja henni eftirtalin gögn:

Afrit af prófskírteini vegna sjúkraliðanáms og annars náms eða námsskeiða, sem nýtast í náminu, starfsferilsskrá og meðmæli frá vinnuveitenda.

Skipulag námsins

Námið verður lotuskipt, fyrri lotan verður frá **12. janúar -12. febrúar (5 vikur)**, kennslan fer fram í Fjölbrautaskólanum við Ármúla og kennt verður á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl 15-19. Áfangar sem kenndir eru í fyrstu lotu eru Fagmennska (FAME4FH04) og Upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu (UPPT3US03).

Seinni lotan er 5 vikur frá **15. febrúar til 18. mars** og fer fram á Landspítala. Þá verður áfanginn Áhalda- og efnisfræði (ÁHAL4ÁE10) kenndur. Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur um það bil 29 klst. á viku.

Allar nánari upplýsingar um námið er hægt að finna á heimasíðu Fjölbrautaskólans við Ármúla / Heilbrigðisskólans á slóðinni <http://www.fa.is/heilbrigdisskolinn/framsjuk/> og hjá kennslustjóra sjúkraliðabrautar, netfang ghr@fa.is eða í síma 5258800.